



## Krónan styrktist í maí

Íslenska krónan styrktist á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar í maí og hefur ekki mælst sterkari frá því um miðjan mars á síðasta ári. Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri var 35,5 ma.kr. Hlutdeild Seðlabanka Íslands var 2,1 ma.kr., sem var 5,8% af heildarveltunni.

Íslenska krónan styrktist á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar í maí. Í lok mánaðarins stóð evran í 147,6 krónum í samanburði við 149,6 í lok apríl. Bandaríkjadalur stóð í 121,0 krónum í lok maí samanborið við 123,8 í lok apríl.


Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri var 35,5 ma.kr. (237 m.evra) í maí sem er svipað og í apríl. Þar af var hlutdeild SÍ 2,1 ma.kr. (14 m.evra), sem var 5,8% af heildarveltunni.

Þetta er minnsta hlutdeild SÍ síðan í febrúar 2020, en í þeim mánuði greip bankinn ekki inn í markaðinn.

SÍ greip inn í tvo daga í maí. Þriðjudaginn 25. maí keypti hann 2 m.evra (0,3 ma.kr.) og fimmtudaginn 27. maí keypti hann 12 m.evra (1,8 ma.kr.).

	31.5.2021	YTD	1M	3M	12M
GVT	191,4	-4,5%	-1,5%	-3,2%	-2,6%
EUR	147,6	-5,4%	-1,3%	-3,5%	-2,1%
USD	121,0	-4,9%	-2,3%	-4,1%	-10,7%
GBP	171,6	-1,1%	-0,4%	-2,3%	2,7%
DKK	19,8	-5,4%	-1,3%	-3,5%	-1,9%
NOK	14,4	-3,2%	-3,9%	-1,7%	3,5%
SEK	14,6	-6,3%	-0,9%	-3,3%	1,5%
CHF	134,4	-6,9%	-1,2%	-3,4%	-4,6%
JPY	1,10	-10,6%	-2,9%	-7,0%	-12,6%


Heimild: Kodiak



Heimild: Macrobond




Það sem af er ári hefur íslenska krónan styrkst á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar.




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 35,4 ma.kr. (237 m.evra) í maí. Hlutdeild SÍ var 2,1 ma.kr (5,8%).




SÍ greip tvisvar inn á markaðinn í maí og keypti evrur á móti styrkingu krónunnar í bæði skiptin.




Heimild: Macrobond

Nettókaup SÍ á gjaldeyri voru 2,1 ma.kr. (14 m.evra) í maí.




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 850 ma.kr. (5,7 ma. evrur) í lok apríl.



Heimild: Macrobond


Flökti á krónunni minnkaði fyrri hluta maí, en jókst aftur seinni hluta mánaðarins.



Heimild: Macrobond




5.800 erlendir gestir fóru um Leifsstöð í apríl.




Heimild: Macrobond

Þetta er 530% fjölgun milli ára, en einungis 920 erlendir ferðamenn fóru um Leifsstöð apríl 2020.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 6,5 ma.kr. í apríl.




Heimild: Macrobond

Raugengi miðað við verðlag var 7,3% hærra í apríl en í sama mánuði 2020, nafngengið 3,4% sterkara.



Heimild: Macrobond

Framlag innlendra verðbólgu til breytingar á raugengi var 4,6% til hækkunar, framlag alþjóðlegrar verðbólgu var 0,7% til lækkunar.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef